

Aðalfundur Spretts 19 apríl 2023

Dagsskrá

1. Fundarsetning.
2. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
3. Skýrsla stjórnar um störf félagsins á síðasta starfsári.
4. Framlagning reikninga félagsins.
5. Lagabreytingar.
6. Kosning stjórnar skv. 6. gr. laga félagsins.
7. Kosning tveggja skoðunarmanna og tveggja til vara skv. 6. gr. laga félagsins.
8. Kosning í nefndir skv. 17. gr. laga félagsins.
9. Ákvörðun félagsgjalds.
10. Fjárhagsáætlun næsta árs.
11. Önnur mál er félagið varða.

Fundarstaður: Veislusalur Spretts

Fundurinn hefst kl 20:05 og er áframhald af Aðalfundi Spretts 18. apríl 2023 sem var frestað til 19. apríl 2023.

3. Skýrsla stjórnar um störf félagsins á síðasta starfsári

Skýrsla stjórnar félagsins borin upp til samþykktar.
Skýrsla stjórnar er samþykkt.

4. Framlagning reikninga félagsins.

Reikningar félagsins bornir upp til samþykktar.
Reikningar félagsins samþykktir.

4a) Fundarstjóri leggur til að á dagsskrá verði áframhaldandi umræður um LM 2024.

Pétur Örn Sverrisson, varaformaður, les upp svar frá bæjarstjóri Kópavogs sem barst varðandi aðkomu bæjarfélagsins að LM 2024. Kópavogsbær biður þar um ítarlegri greining á kostnaði varðandi undirbúning mótsins til að hægt verði að styðja félagið til að halda LM 2024.

Varaformaður ber upp svohljóðandi tillögu:

“Tillaga:

Í framhaldi af félagsfundi í hmf. Spretti 13. apríl 2023 þar sem fjallað var um málefni LM 2024 og í ljósi tillögu sem fram kom á fundinn en dregin var til baka, leggur stjórn hmf. Spretts til að skipaður verði fimm manna starfshópur í því skyni að kanna til þrautar hvort hmf. Spretti sé unnt að halda LM 2024. Skal starfshópurinn skila tillögum varðandi framgang málsins innan 14 daga. Stjórn hmf. Spretts mun leggja tillögurnar fyrir almennann félagsfund, byggðar á niðurstöðu nefndarinnar. Ráðgert er að einn til tveir stjórnarmenn auk framkvæmdastjóra vinni með starfshópnum.”

Fundarstjóri býður orðið laust.

Börkur Hólmgeirsson spyr hvort það sé til eitthvað frá fyrri stjórnar varðandi stuðning sveitarfélaganna. Spurningin er, af hverju er Sprettur að halda Landsmót?

Pétur Örn Sverrisson svarar að ekkert formlegt sé er til frá fyrri stjórn, heldur bara þetta myndband. Og að það er sé undir félaginu að ákveða hvort við ætlum að halda Landsmót.

Börkur Hólmgeirsson bendir á að í 7 min fjarlægð frá Spretti er svæði sem LM hefur verið haldið á. Af hverju þarf að vera annað svæði svona stutt frá?

Margrét Tómasdóttir svarar að það sé gott fyrir félagið að halda LM. Almenn tiltekt verður á svæðinu, og félagssvæðið stendur betur eftir mótið. Bendir einnig á að svar Kópavogsbæjar sé mjög politískt svar, og að við eigum að lesa það jákvæða úr svarinu, að þau séu tilbúin að styðja þegar ýtarlegri greining er komin frá okkur.

Sigurður Guðni Sigurðsson tekur undir orð bæjarstjóra að betur verður að vinna fjárhagsáætlun og framkvæmdaáætlun varðandi mótið. Að betur verður að vinna grundvallar vinnu við mótið, og að stjórn verði að bera ábyrgðina á að hafa boðið sig fram í það verkefni.

Bendir á að vellir félagsins séu ekki nógu góðir og ekki tilbúnir í verkefnið. Sigurður hvetur stjórn til að skila mótinu til LH.

Guðjón Árnason spyr „ef Sprettur getur ekki haldið mótið, hverjir geta þá haldið LM?“ Ekkert annað sé í boði nema að standa við það sem lagt var upp með.

Aðalheiður Auðunsdóttir segir frá því að þegar reiðskemman Gusts var reist var mikið mótmælt af eldri formönnum félagsins og að verið væri að leggja félagið í fjárhagslega hættu. Reiðskemman varð svo félaginu til mikils sóma.

Sverrir Einarsson, formaður, kannast ekki við það að vellir félagsins séu það lélegir að ekki verði hægt að halda flott mót á þeim. Hvetur svo félagsmenn til að sætta sig ekki við orð bæjarstjóra um að við fáum ekki meiri peninga til uppbyggingar. Bendir á að önnur íþrottafélög fái miklu meira stuðning en við.

Fundarstjóri ber upp tillöguna og er hún samþykkt.

Pétur Örn Sverrisson kynnir tillögu stjórnar um nefndarmenn.

Sveinbjörn Sveinbjörnsson
Arnhildur Halldórsdóttir
Sigurður Halldórsson
Hermann Vilmundarsson
Þórdís Anna Gylfadóttir

5. Lagabreytingar

Engar lagabreytingar bárust.

6. Kosning stjórnar skv. 6. gr. laga félagsins.

Gunnar Már Þórðarson biður um orðið og segir í ljósi þess að fjárhagur félagsins varðandi Landsmót 2024 liti betur út hafi hann því ákveðið að halda áfram stjórnarsetu sinni, en ekki hætta eins lagt var upp með fyrir fund. Sæti hans er því ekki laust.

Fundarstjóri biður um stutta pásu í ljósi þessarar fréttar þar sem 5 félagsmenn eru að bjóða sig fram en 4 stjórnarsæti séu laus.

Eftirfarandi félagsmenn bjóða sig fram:

Margrét Tómasdóttir

Kolfinna Guðmundsdóttir

Jenny Eriksson

Davið Áskelsson

Haraldur Pétursson

Fundur hefst aftur kl 21:10 og biður fundarstjóri frambjóðendur um að kynna sig, og að dreift verði atkvæðaseðlum svo hægt sé að kjósa.

Pétur Örn Sverrisson, varaformaður kynnir niðurstöður, eitt sæti er laust til eins árs og þrjú sæti til tveggja ára. Eftirfarandi félagsmenn náðu kjöri:

Davið Áskelsson

Haraldur Pétursson

Jenny Eriksson

Kolfinna Guðmundsdóttir

7. Kosning tveggja skoðunarmanna og tveggja til vara skv. 6. gr. laga félagsins.

Fundarstjóri leggur til að Helga Hermannsdóttir og Pétur A. Maack verði skoðunarmenn. Til vara verða Sigurður Tyrfingsson og Þorsteinn Ragnarsson.

8. Kosning í nefndir skv. 17. gr. laga félagsins.

Fundarstjóri leggur til að ekki verður kosið í nefndir heldur að þeir sem vilja leggja til vinnu fyrir félagið bjóði sig fram.

9. Ákvörðun félagsgjalds.

Tillaga stjórnar er að félagsgjaldið verði hækkað úr 17.000 kr í 19.500 kr og var tillagan samþykkt einróma.

10. Fjárhagsáætlun næsta árs.

Kolfinna Guðmundsdóttir leggur til 10% aukning á greiddum félagsgjöldum.

11. Önnur mál er félagið varða.

Jóhann Ólafsson hvetur stjórn til að stofna „framtíðarnefnd“ sem mun ræða áfram við bæjarfélögin varðandi betri stuðning.

Sverrir Einarsson, formaður, þakkar f.v. stjórnarmanni fyrir gott samstarf og bíður nýja velkomna til starfa.

Fundi slitið kl 21.50

Fundargerð ritaði Jenny Elisabet Eriksson.